

## DAGS

3.07.2024

## TIL

Vigdís Sigurðardóttir MAST

## FRÁ

Guðmundur Ólafsson

**Athugasemd varðandi frávik**

Varðandi athugasemd í skýrslum 37480, 37479 og 37447

**4.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokum**

Matvælastofnun kallaði eftir ástands- og viðgerðarskýrslu vegna eftirlits og viðgerða á netpokum. Í 2. mgr. 34. gr. rgl. nr. 540/2020 kemur fram að viðgerðir skulu skráðar í sérstaka ástands- og viðgerðarskýrslu sem inniheldur:

- Nafn, heimilisfang og undirskrift verkstæðis.
- Númer vottunarskírteinis. · Einkennisnúmer netpokans.
- Lýsingu á umfangi og staðsetningu skemmda.
- Lýsingu á viðgerðinni.

Þær ástands og viðgerðarskýrslur sem bárust Matvælastofnun innihalda ekki framangreindar upplýsingar um viðgerðir sem áttu sér stað neðansjávar á meðan nætur eru í notkun.

Vitnað er í 34. Gr rgl. Nr 540/2020

Í sömu grein Í 3. Mgr. stendur :

**Bráðabirgðaviðgerðir á legustað sem nauðsynlegar eru til að hindra strok meðan netpokinn er í notkun falla ekki undir ákvæði þetta.**

Við metum það svo að viðgerðir sem eru framkvæmdar af köfurum flokkist sem bráðaviðgerðir og þar af leiðandi falli ekki undir 2 mgr. 34.gr

Ef upp hafa komið stærri skemmdir þá hefur viðurkennt verkstæði verið fengið á svæðið og þá metið skemmdirnar og annað hvort gert við eða skipt um nót. Ef gert er við þá er gefið út nýtt skírteini.